

## Aðalfundur Landverndar 19. apríl 2023

### Tillaga stjórnar að ályktun (drög 18.4.2023)

#### Loftslagsmál

Aðalfundur Landverndar gagnrýnir ríkisstjórn Íslands fyrir andvaraleysi og aðgerðaleysi í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum er í engu samræmi við umfang vandans. Þá eru markmið og áætlanir í hinum ýmsu málaflokkum, til dæmis samgöngumálum, ekki samræmdar markmiðum í loftslagsmálum. Fundurinn hvetur ríkisstjórnina til að:

- 1) Gera grundvallar breytingar á stefnu í samgöngumálum þar sem almenningssamgöngur og aðrir vistvænni samgöngumáttar verða settir í öndvegi.
- 2) Beita mengunarbótareglunni með víðtækum hætti í öllum geirum samfélagsins sem losa gróðurhúsalofttegundir.
- 3) Beita sér fyrir aukinn orkunýtni og orkusparnað svo komast megi hjá umtalsverðir frekari orkuöflun fyrir orkuskiptin.
- 4) Gera átaka í orkusparnaði og hagræðingu, sérstaklega í orkufrekum iðnaði og fiskveiðum.
- 5) Koma böndum á fjölda og fjölgun ferðamanna.
- 6) Draga til baka áform um að losna undan Evrópskum reglum um takmarkanir í losun frá flugsamgöngum.
- 7) Banna innflutning á bifreiðum sem ganga fyrir bensíni eða dísilolíu.
- 8) Beitar sér fyrir aðgerðum sem tryggi að stórfyrirtæki á Íslandi skili skilmerkilega greinargóðum og staðfestum upplýsingum um beina og óbeina kolefnislosun og axli í reynd ábyrgð í loftslagsmálum.
- 9) Banna eða setja afar strangar reglur um komur á einkaþota til Íslands.
- 10) Lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og bretta upp ermarnar.
- 11) Gæta þess að aðgerðir bitni ekki á þeim sem minnst mega sín.

#### Greinargerð

Losun á gróðurhúsalofttegundum heldur áfram að aukast, bæði á heimsvísu og á Íslandi.

Sjötta og nýjasta skýrsla Milliríkjaráðs Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) kom út nýlega. Fyrsta skýrslan kom út árið 1990 og var lögð til grundvallar þegar þjóðir heims náðu samkomulagi um rammisamning um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Með hverri skýrslu sem hefur komið út síðan verður ljósara að loftslagsbreytingar af mannvöldum eru raunverulegar og eru ógn við velferð manna og lífríki jarðarinnar. Mestur er skaðinn fyrir viðkvæm samfélög sem bera minnsta ábyrgð á uppruna vandans.

Það eru líkur á því að 1,5 gráðu hækkun á meðalhita jarðar verði raunveruleiki laust eftir 2030. En sú staðreynd má ekki letja okkur til aðgerða. Enn skiptir öllu máli að draga úr losun. Ef við sitjum með hendur í skauti mun losunin haldi áfram að aukast, fara yfir 2 gráður eða jafnvel mun hærra. En ef við göngum vasklega til verka er von til þess hitastigið lækki aftur síðar á öldinni og nálgist eðlilegt ástand.

Allir bera ábyrgð í loftslagsmálum, en mest er ábyrgð ríkisstjórna og þjóðþinga. Þar liggur lykillinn að aðgerðum sem verða aflvaki nauðsynlegra breytinga; að gera einstaklingum og fyrirtækjum kleift að taka þátt í lausn vandans með skilvirkum hætti. Valdefling er lykillinn að lausn. Fjármagn og tæknilegar lausnir

eru fyrir hendi sem ekki hafa verið nýttar til að leysa aðkallandi vanda. Að fjármagna breytingar að mestu með framlögum úr ríkissjóði eins og virðist lenska hér á landi, er ekki haldbært. Það verður að beita mengunarbótareglunni með mun víðtækari hætti en nú er gert – reglunni sem kveður á um að sá borgi sem mengar.

Losun hér á landi hefur farið vaxandi og stjórnvöld hafa ekki uppfært áætlun um aðgerðir í samræmi við losunarmarkmið. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda á þessu kjörtímabili einkennast af áhugaleysi sem er í engu samræmi við vandann sem við blasir. Helst ber á hugmyndum um að sækja enn meira í náttúru landsins til að auka orkuframleiðslu til orkuskipta. Skortur á raforku er ekki vandinn. Íslendingar eru margfaldir heimsmeistarar í raforkuframleiðslu á hvern íbúa og verðmætasköpun á hverja orkueiningu er afar lítil í alþjóðlegum samanburði. Í því felst líka tækifæri sem verður að nýta vel í orkuskiptunum í stað þess að sækjast eftir sífelld meiri orku. Sífelld sókn í meiri raforku er ekki lausn heldur hluti af kjarna vandans; ósjálfbær neysla og framleiðsla og eyðilegging náttúru og víðerna landsins okkar.

Vandinn sem við er að glíma verður ekki leystur með sömu meðulum og skópu hann. Íslendingar verða umfram allt að sýna hugrekki og virkja hugvitið í stað þess að sækja sífelld meira í stórbrotna og verðmæta náttúru landsins. Líta verður á aðgerðir í loftslagsmálum, orkuskiptum og náttúruvernd í samhengi. Þetta er í samræmi við boðskap Sameinuðu þjóðanna.

Ferðalag með einkaþotu losar margfalt meira af gróðurhúsalofttegundum á hvern farþega en almennt farþegaflug. Ekkert réttlætir að einstaklingar sem ferðast með einkaþotu skuli geta valdið margfalt meiri umhverfistjóni með ferðalögum sínum en allur almenningur, enda flugsamgöngur með almennu farþegaflugi mjög góðar til og frá Íslandi. Bann eða takmarkanir við komum á einkaþotum til Íslands myndi vafalaust vekja heimsathygli og verða til þess að bæta orðspor landsins í umhverfismálum. Að sjálfsögðu verður að undanskilja neyðarflug frá banni og flug sem ekki er hægt að leysa með öðrum hætti frá banni.

Sigurpáll Ingibergssonar hefur á grundvelli upplýsingar sem fyrirtækin sjálf birta í sjálfbærnisráðgjafslum tekið saman upplýsingar yfir losun, kolefnisbindingu og hagnað fyrirtækja. Samantektin sýnir að tveir tugir íslenskra fyrirtækja bera ábyrgð á um 2/3 af heildarlosun Íslands og að samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja fyrir skatt á árinu 2021 hafi verið fast að 200 milljarðar króna. Þó segir yfirlitið um losun þessara fyrirtækja aðeins hálfu söguna þar sem fyrirtækin láta almennt hjá líða að greina frá óbeinni losun (svokallað umfang 2 og 3) vegna starfsemi sinnar. Upplýsingar um hagnað sýna að ekki skortir þau fyrirtæki sem mest losa fjármagn til að gera betur í umhverfismálum. Ein megin niðurstaða þessa yfirlits er að í mörgum tilvikum séu tengsl milli gróða fyrirtækja og mikillar losunar af þeirra völdum. Mikilli mengun fylgir gróði! Sjá samantekt Sigurpáls á næstu síðu.

Fyrirtæki	Hagnaður f. skatta 2021	2021 Losunarsv. 1 tCo2í	2022 Losunarsv. 1 tCo2í	Breyting	%
Icelandair	-16.524	486.064			
Play	-3.618	25.160	151.722	126.562	503%
	<b>-20.142</b>	<b>511.224</b>	<b>151.722</b>	<b>126.562</b>	
Alcoa	18.874	530.714			
Norðurál	12.591	528.455			
Elkem	8.137	456.544			
ISAL	15.888	312.719			
Samskip	713	297.900			
Eimskip	7.909	296.684	301.251	4.567	2%
PCC Bakki Silicon	0	166.704			
HS-Orka	2.816	86.482			
Brim	14.221	71.461	69.191	-2.270	-3%
Síldarvinnslan	13.172	53.385	72.000	18.615	35%
Orkuveita Reykjavíkur	16.192	47.500	51.100	3.600	8%
Samherji	19.084	44.000			
Landsvirkjun	28.748	40.249	42.122	1.873	5%
Vinnslustöðin	2.874	31.038	35.208	4.170	13%
Þorbjörn (2020)	2.724	24.175			
Eskja	5.020	23.574			
Ísfélag Vestmannaeyja	6.437	22.000			
FISK	4.531	21.234			
Skinney-Þinganes	3.483	20.690			
Útgerðarfélag Reykjavíkur	4.037	18.738			
<b>Alls</b>	<b>187.451</b>	<b>3.094.247</b>	<b>570.872</b>	<b>30.555</b>	
<b>Hlutf. heildarl. Íslands f.u. landnotkun</b>		<b>66%</b>			